

REGLUR

um Verðbréfaþing Íslands.

I. KAFLI

Stofnun og hlutverk.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 36 frá 5. maí 1986 starfrækir Seðlabanki Íslands í samvinnu við verðbréfamiðlara Verðbréfaþing Íslands (hér eftir nefnt verðbréfaþing eða þing). Heimili og varnarþing þess er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk þingsins er m. a. eftirfarandi:

- a) Að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi sbr. VI. kafla;
- b) að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðislegar kröfur til þingaðila sbr. IV. kafla;
- c) að meta skráningarhæfi verðbréfa sbr. V. kafla;
- d) að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir og
- e) að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum þingsins og í því skyni að hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabankans á þeim sviðum þar sem bankaeftirlitið gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt.

II. KAFLI

Stjórn og fundir þingaðila.

3. gr.

Stjórn þingsins skipa sjö menn, og skulu þeir valdir til eins árs í senn fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Seðlabankinn skal tilnefna formann. Aðrir þingaðilar skulu kjósa tvo menn og skal annar þeirra vera varaformaður, útgefendur hlutabréfa á skrá þingsins tvo menn, Samband almennra lífeyrissjóða og Landsamband lífeyrissjóða einn mann sameiginlega og viðskiptaráðherra einn mann, sem fulltrúa minni fjárfesta. Jafnmargir varamenn skulu valdir á sama hátt.

Hafi stjórn ekki verið fullskipuð skv. 1. mgr. á þann hátt að þinginu hafi borist tilnefning hlutaðeigandi aðila með formlegum hætti fyrir lok febrúarmánaðar, skal viðskiptaráðherra skipa þá sem á vantar án tilnefningar.

4. gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Afl atkvæða ræður úrslitum. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórnin skal halda gerðabók. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

5. gr.

Ársfundur stjórnar og þingaðila skal haldinn fyrir febrúarlok. Á þeim fundi kjósa þingaðilar, aðrir en Seðlabankinn, fulltrúa í stjórn og varastjórn svo og einn endurskoðanda beinni kosningu. Reikningar þingsins skulu lagðir fram á þessum fundi til samþykktar. Jafnframt skal fundurinn ákveða þóknun stjórnar og endurskoðenda.

Stjórnin getur, þegar hún sér tilefni til, boðað þingaðila til fundar. Skylt er henni að boða til slíks fundar ef þriðjungur þingaðila æskir þess.

Auk stjórnarmanna situr einn fulltrúi hvers þingaðila, sem ekki hefur fulltrúa í stjórn þingsins, fundi skv. 1. og 2. mgr. og aðra þar sem kveðið er á um að stjórn og þingaðilar komi

saman. Afl atkvæða ræður úrslitum. Falli atkvæði jafnt, ræður atkvæði stjórnarformanns úrslitum. Við stjórnarkjör skal þó atkvæðamagn hvers þingaðila vera í hlutfalli við kaup og sölu hans á skráðum verðbréfum á þinginu næstliðið almanaksár. Einn þingaðili getur þó ekki farið með meira atkvæðamagn fyrir sjálfs sín hönd og annarra en nemur þrjátíu af hundraði.

III. KAFLI

Framkvæmdastjóri.

6. gr.

Stjórn þingsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Stjórn þingsins ákveður kaup og önnur kjör framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur þingsins. Hann ræður starfsfólk að höfðu samráði við stjórn þingsins.

7. gr.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi stjórnar þingsins og taka þátt í umræðum, nema stjórnin ákveði annað. Hann gefur stjórn þingsins reglulega skýrslur um starfsemi þingsins.

IV. KAFLI

Þingaðilar.

8. gr.

Aðilar að þinginu eru þeir verðbréfamiðlarar sem stjórnin hefur samþykkt. Seðlabanki Íslands er þingaðili, en stundar ekki þjónustu sem aðrir þingaðilar veita almenningsi aðra en útgáfu og sölu nýrra verðbréfa ríkissjóðs og ríkisstofnana, og keppir ekki við þá um viðskipti.

Þingaðilar hafa einir rétt á að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á þinginu.

9. gr.

Umsóknir um aðild skulu sendar stjórninni og skal hún athuga hvort umsækjandi eða starfsmenn hans fullnægi reglum um aðild að þinginu sem stjórnin setur sem að minnsta kosti skulu fela í sér eftirfarandi atriði:

- Hefur leyfi til að stunda verðbréfamiðlun sbr. 3. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði;
- hefur til að bera næga menntun og reynslu í verðbréfavíðskiptum;
- setur verðtryggða bankaábyrgð, veð eða aðra tryggingu sem stjórnin metur gilda til tryggingar efndum á skyldum þeim sem honum ber að uppfylla í viðskiptum sínum, eigi lægri en 1 milljón króna, en fjárhæðin breytist í janúar ár hvert í hlutfalli við breytingu sem kann að hafa orðið á lánskjaravísitölu frá gildi hennar í október 1985 sem var 1266, og
- hafi undirritað drengskaparyfirlýsingu um að rækja störf sín eftir bestu samvisku og að hlíta reglum þessum sem og reglum sem stjórnin hefur sett.

10. gr.

Nú telur stjórnin að þingaðili hafi hagað sér í starfi sínu á þann hátt að ekki samrýmst hagsmunum viðskiptavina hans né þingsins í heild. Skal hlutaðeigandi þingaðili að boði stjórnarinnar gera henni viðhlítandi grein fyrir máli sínu. Ber þingaðila í því efni að svara og sinna án ástæðulauss dráttar fyrirspurnum og kvaðningum stjórnarinnar. Stjórnin getur veitt einstökum þingaðilum áminningar, en svipta skal hún þingaðila aðild sé um ítrekaðar eða alvarlegar ávirðingar að ræða að hennar mati. Stjórnin leysir þingaðila undan kvöðum þingsins um leið og hann er sviptur aðild. Fullnægi þingaðili að einhverju eða öllu leyti ekki skilyrðum skv. 9. gr. skal stjórnin svipta hann þingaðild og leysa hann undan kvöðum þingsins.

V. KAFLI

Skráning verðbréfa.

11. gr.

Verðbréf fást skráð í viðskiptakerfi þingsins þegar þingaðili, fyrir hönd útgefanda, óskar þess og stjórn þingsins samþykkir.

12. gr.

Stjórnin setur nánari reglur um verðbréfaflokka sem teknir eru til skráningar og skulu þær m.a. fela í sér eftirtalin atriði:

- a) Að stærð og dreifing hvers flokks sé með þeim hætti að verðbréfin geti talist markaðshæf.
- b) Að birtar séu upplýsingar við skráningu og eftirleiðis um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans, sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna, skv. reglum sem stjórnin setur.

13. gr.

Ákvæði 11. og 12. gr. gilda um öll skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf, þ.m.t. hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sem sótt er um að skráð séu í viðskiptakerfi þingsins.

14. gr.

Stjórnin lætur útbúa nauðsynlegar upplýsingar um skráð verðbréf er almenningur hefur aðgang að.

15. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf, sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði þingsins. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu ef ástæða þykir til.

VI. KAFLI

Viðskipta- og upplýsingakerfið.

16. gr.

Stjórnin skal setja reglur um skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi, þar sem kveðið skal á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um viðskipti með skráð verðbréf, hvort sem viðskiptin eiga sér stað í viðskiptakerfi þingsins eða utan þess.

17. gr.

Í samræmi við reglur skv. 16. gr. skal þingaðili senda öllum öðrum þingaðilum upplýsingar um magn, verð og tegundir þeirra skráðu bréfa sem hann hefur kaupanda eða seljanda að eða vill eiga viðskipti með fyrir eigin reikning sbr. þó 20. gr.

18. gr.

Þingaðilar gera upp viðskipti beint sín á milli skv. reglum sem stjórnin setur. Þingaðilar bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

19. gr.

Stjórnin setur reglur um skiptingu sölulauna þegar tveir eða fleiri þingaðilar eiga viðskipti með verðbréf sín í milli í viðskiptakerfi þingsins. Þingaðilar skulu gera stjórninni grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að annast kaup eða sölu skráðra bréfa.

20. gr.

Þingaðila er heimilt að eiga viðskipti með skráð verðbréf án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfinu, svo fremi sem hann gerir bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé og þeir sætti sig við það. Þingaðili skal senda upplýsingar um slík viðskipti til þingsins með þeim hætti sem reglur skv. 16. gr. segja til um.

VII. KAFLI Gjaldskrá o.fl.

21. gr.

Stjórn þingsins er heimilt að setja gjaldskrá sem hefur að geyma ákvæði um tekjur þingsins af stofngjöldum, skráningargjöldum o.þ.h. eins og nánar er ákveðið í reglum þessum. Gjaldskráin skal staðfest á fundi stjórnar og þingaðila innan eins mánaðar frá ákvörðun stjórnar.

22. gr.

Innheimta skal óafturkræft inntökugjald, sem allir þingaðilar greiða til þingsins. Einnig getur stjórn þingsins ákveðið að þingaðilar greiði árgjald til þingsins sem sé fast gjald og/eða gjald, sem sé fyrirfram ákveðið hlutfall af sölu verðbréfa skráðra á þinginu.

23. gr.

Stjórnin getur ákveðið að innheimta skráningargjald fyrir hvern flokk verðbréfa sem tekinn er á skrá þingsins svo og árlegt gjald fyrir viðhald skráningar hvers flokks. Gjöld þessi eru óafturkræf.

24. gr.

Stjórnin getur ákveðið að innheimta skuli gjald vegna afgreiðslu umsóknar um að hlutfélag annist sjálft útgáfu eigin markaðsverðbréfa, sbr. ákvæði 2. ml. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði.

Stjórnin getur ákveðið að innheimt skuli gjald fyrir upplýsingar sem láttnar eru í té með reglubundnum hætti svo og fyrir gögn sem afhent eru.

25. gr.

Kostnaður af rekstri þingsins skv. reglum þessum skal greiddur af tekjum þess, sem aflað er skv. þessum kafla.

Færa skal sérstakt bókhald fyrir þingið. Endurskoðendur skulu vera tveir, annar tilnefndur af Seðlabankanum og hinn kosinn á ársfundi stjórnar og þingaðila sbr. 5. gr.

Birta skal endurskoðaða reikninga þingsins í B-deild Stjórnartíðinda.

26. gr.

Nú sér stjórn þingsins fyrir fjárvöntun eða erfiðleika í rekstri þingsins, og skal hún þá, að undangengnum tilraunum stjórnar og þingaðila til að leysa vandann, án óhæfilegs dráttar gera víðskiptaráðherra og bankastjórn Seðlabankans grein fyrir stöðu mála.

VIII. KAFLI Önnur ákvæði.

27. gr.

Stjórnin skal gera tillögur um eftirlitskerfi, sbr. e-lið 2. gr., sem Seðlabankinn staðfestir. Þessu kerfi er ætlað að standa vörð um góða siðu þingaðilanna og koma í veg fyrir áföll sem skaða kynnu álit þingsins eða valdið gætu víðskiptavinum fjárhagstjóni.

28. gr.

Stjórnin skal skera úr um ágreining milli þingaðila að því er varðar framkvæmd reglna þingsins. Einnig skal hún skera úr um ágreining á milli víðskiptavina og þingaðila vegna víðskipta með skráð verðbréf enda hafi ágreiningnum verið vísað til stjórnarinnar af öðrum hvorum aðila.

29. gr.

Fundur stjórnar og þingaðila gerir tillögur um breytingar á reglum þessum til Seðlabankans.

30. gr.

Fundur stjórnar og þingaðila getur ákveðið að þingið taki þátt í stofnun og starfrækslu verðbréfamíðstöðvar og/eða greiðslujöfnunarkerfis („clearing“) fyrir verðbréf.

31. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn þingsins skulu undirrita yfirlýsingu þar sem þeir heita þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptaaðila þingsins, málefni þingsins sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða edli málsins, nema skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt eða dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þinginu heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld hér á landi og erlendis er varða eftirlit með verðbréfavíðskiptum.

32. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands að fengnu samþykki ráðherra og öðlast gildi 1. febrúar 1992. Þann dag falla jafnframt úr gildi reglur nr. 166 frá 4. apríl 1990 um Verðbréfaþing Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi síðar en fyrir árslok 1993. Skal þá að því stefnt að fulltrúi minni fjárfesta verði tilnefndur með öðrum hætti en segir í 3. gr.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 5. gr. skal val stjórnar árið 1992 fara fram á tímabilinu 15. júní til og með 30. júní 1992. Sé stjórn ekki fullskipuð hinn 1. júlí 1992 á þann hátt er 1. mgr. 3. gr. ákveður, skal viðskiptaráðherra skipa þá sem á vantar. Núverandi stjórn þingsins skal starfa áfram þar til ný hefur verið valin.

III.

Seðlabanki Íslands veitir Verðbréfaþingi Íslands og stjórn þess nauðsynlega starfsaðstöðu í samráði við stjórnina uns þingið flytur í aðsetur utan bankans.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði í 11. gr. um að umsókn um skráningu verðbréfa skuli berast frá þingaðila, er stjórn þingsins heimilt, fram til 1. júlí 1992, að taka við umsóknum um skráningu hlutabréfa beint frá útgefanda þeirra, enda sé áætlað markaðsverðmæti hlutabréfa þess útgefanda minnst 1 milljarður króna.

Seðlabanki Íslands.

Reykjavík, 16. janúar 1992.

Jóhannes Nordal. Tómas Árnason. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Reglur þessar staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 21. janúar 1992.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.